

Þriðjudaginn 15. janúar 1991.

Nr. 464/1990. **Ingi B. Ársælsson**

gegn

ríkisendurskoðun

og fjármálaráðherra f.h ríkissjóðs.

Kærumál. Hæfi dómara.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 20. nóvember 1990. Í greinargerð 10. janúar 1991 krefst sóknaraðili þess, „að hrundið verði úrskurði Bæjarþings Reykjavíkur frá 7. nóvember 1990 í máli kæranda og lagt verði fyrir hinn reglulega dómara, Garðar Gíslason, borgardómara, að víkja sæti í málinu og að dómari sá, sem fenginn verður til að fara með málið verði ekki í nokkrum starfslegum, fjárhagslegum eða óeðlilegum embættislegum tengslum við aðila málsins eða Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, meðan Þorsteinn Geirsson er þar ráðuneytisstjóri eða ekki hefur verið fallist á kröfu kæranda um hlutlausa opinbera rannsókn á brottvikningarmáli hans og hvarfi á frumskjali urskj. nr. 9“.

Kæran er heimil samkvæmt a-lið 1. töluliðar 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Af hálfu varnaraðila er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og að varnaraðilum verði dæmdur kærumálskostnaður.

Samkvæmt 2. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 fara dómendur með dómsvaldið í landinu. Eru þeir ekki háðir stofnunum framkvæmdarvaldsins um meðferð þess. Skipun dómsvaldsins er ákveðin með lögum samkvæmt 59. gr. stjórnarskrárinnar. Dómari máls þessa í héraði er skipaður dómari við borgardómaraembættið í Reykjavík, sbr. lög nr. 74/1972 um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o.fl. með síðari breytingum. Starfskjör hans sem embættisdómara, er ráðast meðal annars af 20. gr. og 61. gr. stjórnarskrárinnar, eru ákveðin á grundvelli laga. Enda þótt hann teljist til starfsmanna ríkisins, veldur það ekki vanhæfi hans til að fjalla um mál, er varða varnaraðila eða aðrar ríkis-

stofnanir, heldur leiðir hið gagnstæða af ákvæðum stjórnarskrárinnar. Sóknaraðili hefur ekki leitt nein önnur rök að því, að dómariinn sé vanhæfur til að fara með málið, sbr. 36. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Dæma ber sóknaraðila til að greiða varnaraðilum kærumálskostnað eins og í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Ingi B. Ársælsson, greiði varnaraðilum, ríkisendurskoðun og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, samtals 15.000 krónur í kærumálskostnað.